



27. stjórnarfundur LH

7. sept 2020 kl. 18.00
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Á fjarfundi: Ómar Ingi Ómarsson og Rósa Birna Þorvaldsdóttir.

Fjarverandi: Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Þórdís Arnardóttir, úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 26. fundar
2. Gæðingakeppni verði sett undir regluverk FEIF – bréf frá stjórn FEIF og GDLH
Stjórn FEIF leitar álits LH á því hvort færa skuli reglur um Gæðingakeppni undir keppnisreglur FEIF. Stjórn GDLH er einhuga um að hefja skuli viðræður við FEIF um málið og leggur til að stofnuð verði nefnd með fulltrúum GDLH og LH sem hefði það hlutverk að undirbúa viðræður.
Afgreiðsla: Samþykkt að senda bréf til FEIF þar sem lagt er til að skipuð verði nefnd með fulltrúum FEIF, LH og GDLH. Þegar niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir fara þær til afgreiðslu hjá landsþingi LH 2022 til umræðu og afgreiðslu. Ef tillögurnar verða samþykktar fara þær til afgreiðslu hjá FEIF þingi 2023. Tilnefndir verði í nefndina tveir af stjórn GDLH og tveir af stjórn LH.
3. Skipun yfirdómara á HM 2021 – bréf frá FEIF
Skv. reglum FEIF hafa aðildarlönd, íþróttadómaranefnd FEIF, íþróttakeppnisnefnd FEIF og stjórn FEIF rétt til að tilnefna yfirdómara og varayfirdómara á heimsmeistaramóti. Stjórn og keppnisnefnd FEIF tilnefna Þorgeir Guðlaugsson og Will Covert. Erindið var sent til formanns HIDI til umsagnar og HIDI styður þessar tilnefningar.
Afgreiðsla: Stjórn styður þessar tilnefningar.
4. Styrkur til LM ehf. úr Stofnverndarsjóði íslenska hestsins
LM ehf. sótti um styrk úr Stofnverndarsjóði íslenska hestsins til að standa straum af kostnaði við kaup á myndbandsupptökum af kynbótasýningum hrossa sem hefðu unnið sér rétt til þátttöku á landsmóti 2020 hefði það farið fram. Fagráð í hrossarækt hefur samþykkt að Stofnverndarsjóður leggi til kr. 1.500.000 til verkefnisins á árinu 2020. LM mun senda Fagráði bréf þar sem komið er á framfæri þökkum fyrir framlagið. Mikilvægt er að varðveita sögu bestu kynbótahrossa hverju sinni.
5. Valnefnd og uppskeruhátíð
Valnefnd er að störfum og mun skila tillögum að vali á knöpum ársins til stjórnar LH fyrir 1. október. Uppskeruhátíð verður ekki haldin með hefðbundnu sniði þetta árið vegna sóttvarnarreglna. Stefnt er á að verðlauna knapa í lokuðu boði, undirbúningur verður í samráði við Félag hrossabænda.
Afgreiðsla: Nefnd um uppskeruhátíð falið að undirbúa þetta áfram.



6. Landsþing
a. Þinghald í ljósi sóttvarnarreglna
Gildandi fjöldatakmörkanir sóttvarna leyfa 200 manna samkomur ef hægt er að tryggja 1 meters fjarlægð. Hefðbundið þinghald ætti að rúmast innan þessara reglna.
- b. Tillaga að dagskrármálum á landsþingi
Formaður FEIF verði með stutt innlegg.
Formaður Félags hrossabænda verði með stutt innlegg.
Íþróttahreyfingin og sóttvarnarmál – innlegg frá framkvæmdastjóra ÍSí
7. Tillögur stjórnar f. þing
a. Horses of Iceland – áframhaldandi samstarf?
Lagt er til að gjald verði innheimt af félögunum eins og verið hefur svo lengi sem ríkið leggur til óbreytt framlag, króna á móti krónu.
- b. Árgjöld hestamannafélaga í LH
Árgjald LH hefur verið óbreytt í sex ár. Lagt er til að gjaldið verði hækkað úr 1.500 kr. á hvern félagsmann í 1.800 kr. á hvern félagsmann.
- c. Breytingartillögur
Formaður laganefndar leggur til að lögum LH verði skipt upp í lög annars vegar og reglur hinsvegar. Aðlögun almennra reglna um keppni og íþróttakeppnisregur að reglum FEIF er langt á veg komin. Farið var yfir breytingar sem gera þarf á kafla 1 og 3 í núverandi lögum og reglum LH.
8. Staða verkefna
- Landsliðsnefnd
Dagskrá fyrir landsliðshópa og viðburði þeirra í undirbúningi
Hæfileikamótun – næsta ár í undirbúningi
 - Nefnd um Íslandsmót skilar af sér í vikunni
 - Nefnd um gæðingafimi skilar af sér í vikunni
 - Sóttvarnarreglur í hestaíþróttum uppfærðar reglulega
 - Átta mánaða árshlutauppgjör í vinnslu
17. Önnur mál
- a. Umræða varð um hvernig til tókst hjá mótshöldurum að framfylgja settum sóttvarnarreglum íþróttahreyfingarinnar. Samþykkt að LH sendi frá sér samantekt um mótahald ársins.
- b. Endurnýjun leigusamnings um Skógarhóla verður tekinn fyrir á næsta fundi Þingvallanefndar. Samningurinn er gerður til 10 ára.



c. Þakviðgerðir á Skógarhólum.

Hestamennirnir og húsasmiðirnir Róbert Gunnarsson úr Spretti, Karl Gústaf Davíðsson úr Mána og Kristján Gunnarsson úr Mána tóku að sér verkið og útveguðu til þess þrjá menn til viðbótar þá Eirík Ólafsson, Orra Sigurjónsson og Ivica Buric. Verkið var allt unnið í sjálfböðavinnu sem er ómetanlegt fyrir félagasamtök eins og LH og þökkum við þeim kærlega fyrir óeigingjarnt starf. Hafist var handa þann 20. ágúst og átti framkvæmdum að ljúka daginn eftir. Þegar búið var að opna þakið kom í ljós að ástand þaksins var mun verra en talið var. Þetta varð til þess að verkið tók fjóra heila daga og fóru rúmlega 400 vinnustundir í verkið. Aðrir sem lögðu til vinnuframlag voru Gríma Huld Blængsdóttir úr Sörla, Margrét Dögg Halldórsdóttir úr Herði, Arnar Bjarnason úr Fáki og Gunnlaugur Björgvinsson úr Mána, ásamt starfsfólki skrifstofu LH.

Fundi slitið um kl. 22.51